

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 18. ágúst 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-51/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 7. júlí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna meintra galla á bifreiðinni B sem hann keypti af félaginu Y, 3. febrúar 2009. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst riftunar á kaupunum. Þá vilji hann fá skaðabætur vegna þess fjármagns og umstangs sem hann hafi þurft að standa í vegna bifreiðarinnar.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kröfum sínum beindi álitsbeiðandi fyrst að Z. Kæruneftndin ritaði álitsbeiðanda bréf, dags. 8. júlí sl., og benti á að seljandi bifreiðarinnar væri Y, en ekki Z sem álitsbeiðnin beindist að. Óskaði nefndin eftir því að álitsbeiðandi gerði henni grein fyrir því hvort hann vildi engu að síður beina álitsbeiðninni gegn Z. Í tölvupósti 13. júlí kvaðst álitsbeiðandi beina álitsbeiðni sinni að Y. Kæruneftndin ritaði því félaginu bréf, dags. 28. júlí, og gaf því kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 10. ágúst sl.. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 17. ágúst sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt kaupsamningi og afsali, dags. 3. febrúar 2009, keypti álitsbeiðandi bifreiðina B af Y. Kaupverðið var kr. 990.000. Í skjalinu stendur að akstursnotkun seljanda skv. mæli sé 3 þúsund km, modelár 2003 og fyrsti skráningardagur 22. febrúar 2008. Þá segir að framleiðsluár sé 2008 sem ekki getur staðist miðað við það að modelár sé 2003. A önnuðust söluna.

Álitsbeiðandi segir að í ljós hafi komið að bifreiðin sé af árgerð 2001 en ekki 2003 eins og lýst hafi verið við kaupin og stendur í kaupsamningi og afsali. Álitsbeiðandi kveðst hafa farið með bifreiðina í ástandsskoðun hjá G áður en gengið var frá kaupunum og einhverjar athugasemdir hafi sést, s.s. smá olíusmit, háu ljósin hafi ekki virkað, en það hafi seljandi ætlað að laga en ekki gert. Eitthvað annað smávegis sem hægt hefði verið að laga hafi og komið í ljós. Ekkert hafi komið fram um að bilun væri í rafkerfi.

Álitsbeiðandi kveðst hafa spurt seljanda margofterð um því hvort um tjónabíl væri að ræða eða eitthvað annað komið fyrir hann og hefði seljandi neitað því. Bílasalinn hefði sagt að ekkert væri skráð á bifreiðina þar um. Sama máli hefði gegnt þegar hann hefði hringt í Umferðarstofu.

Eftir eins og hálf til tveggja mánaða notkun hefðu byrjað að koma upp gangtruflanir og hafi hann þá farið með bifreiðina til E. Þar hafi strax sést í tölvu að um flóðabifreið væri að ræða og árgerðin væri 2001 en ekki 2003. Bifreiðin hafi verið

skoðuð hjá fyrirtækinu og sú skoðun leitt í ljós að rafkerfið væri ónýtt. Byrjunarkostnaður við viðgerð yrði kr. 800-900.000 þúsund en búast mætti við að eitthvað fleira kæmi í ljós sem þyrfti að laga og yrði viðgerðarkostnaður þá til muna hærri.

Álitsbeiðandi kveðst hafa haft samband við seljanda og sagt honum að bifreiðin væri flóðabíll. Hann hafi sagt að það hefði hann vitað og sagt frá við kaupin eins og bílasalinn. Álitsbeiðandi kveðst eftir þetta hafa haft samband við bílasöluna og hefði sér verið sagt að um það hefði bílasalan ekkert vitað og henni ekki borist nein tilkynning um það. Álitsbeiðandi kveðst hafa sagt seljanda að hann vildi rifta kaupum á bifreiðinni en seljandi sagt það of seint.

Álitsbeiðandi kveðst vilja rifta kaupunum vegna gríðarlegra galla á bifreiðinni þar sem viðgerðarkostnaður fari langt fram yfir verðgildi hennar. Þá vilji hann frá skaðabætur vegna þess fjármagns og umstangs sem hann hafi þurft að standa í vegna bifreiðarinnar.

IV

Úr gögnum málsins

Á reikningi E, dags. 30. apríl 2009, er sagt að codalestur hafi verið framkvæmdur og síðan segir orðrétt eftirfarandi:

„Þetta er flóðabíll, getur verið margt að, en líklegast miðað við lýsingu eitthvað tengt inngjafarhúsi, hvort sem það er það sjálft eða rafkerfi bílsins. Einnig getur verið kerti og háspennukefli eitthvað að. Fullt af codum á SRS, mæli með að kíkja á það líka, sem og sjálfskiptitölvu. Þarf að bilanagreina betur sem getur tekið þó nokkurn tíma. Eigandi ætlar að bíða með þetta í bili.

Samkvæmt reikningnum nam kostnaður við þessa skoðun kr. 7.154.

Á reikningi frá sama fyrirtæki, dags. 12. júní 2009, er eftirfarandi skráð um bilanagreiningu og codalestur vegna gangtruflana:

„Engin samskipti náðust við TCM tölvu, vírar á milli ECM og TCM mældir. Mælaborð o.fl. tekið frá til að mæla tengingar. Niðurstaða, rafkerfi er ónýtt v/tæringar. Bíll hefur lent í vatni og tæring og spansgræna út um allt. Þarf að minnsta kosti nýtt rafkerfi og mælaborð. Fleira gæti komið í ljós við frekari skoðun. Þarf að byrja að eyða 800-900 þús. (tilboðsverð) í bíl og sjá svo til hvað vantar meira. Næst ekki samband við allar tölvur í bíl en það ætti að fara í lag við að skipta um rafkerfi og mælaborð í bíl.“

Reikningur fyrir framangreinda vinnu E og lítils háttar efni er kr. 88.440.

Álitsbeiðninni fylgdi reikningur frá F (A) til álistbeiðanda fyrir sölubókun, sölutilkynningu, umferðaröryggisgjald og útprentun úr Ekju að fjárhæð kr. 36.499. Reikningnum fylgdi greiðslukvittun, dags. 3. febrúar 2009, og af henni og skráningu álitsbeiðanda sjálfs á reikninginn sést að hann hefur greitt kr. samtals kr. 45.504, þar af kr. 9.004 vegna bifreiðagjalda.

V

Niðurstaða kærufndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Kærunefndin álitur að álitsbeiðandi hafi kvartað út af göllum á bifreiðinni í tæka tíð, sbr. ákvæði 1. og 2. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2000.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni segir í prentuðum texta eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“

Í 19. gr. laga nr. 50/2000 eru ákvæði sem eiga við þegar hlutur er seldur „í því ástandi sem hann er“ og segir þar eftirfarandi í 1. mgr.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;
- b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða
- c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.“

Álit kærunefndarinnar verður að byggjast á þeim gögnum sem fyrir henni liggja en seljandi hefur ekki notfært það tækifæri sem honum var gefið til þess að andmæla málatilbúnaði og kröfum álitsbeiðanda.

Kærunefndin telur að byggja verði á því að álitsbeiðandi hafi við kaupin fengið rangar upplýsingar um árgerð bifreiðarinnar og en hún sé tveimur árum eldri en miðað var við þegar kaupin fóru fram. Þá hefur verið leitt í ljós með skoðun E að um svokallaðan „flóðabíl“ er að ræða og ástand bifreiðarinnar þannig að til þess að gera hana nothæfa þarf að kosta miklu til ekki síst þegar sá kostnaður er borinn saman við kaupverðið. Í álitsbeiðni kemur fram að seljandi segist hafa vitað að um flóðabíl væri að ræða og sagt frá því við kaupin. Þessu mótmælir álitsbeiðandi og segir enn fremur eftir starfsmanni bílasölunnar sem söluna annaðist að ekkert hafi komið fram gagnvart þeim um þetta atriði.

Það er álit kærunefndarinnar að samkvæmt því sem að framan er rakið verði að telja bifreiðina hafa verið haldna verulegum, leyndum göllum þegar kaupin fóru fram, sbr. tilvitnaða 1. mgr. 19. gr. laga nr. 50/2000 og ekkert er upplýst um það að álitsbeiðandi hafi vitað eða mátt vita um þessa galla, sbr. ákvæði 1. og 2. mgr. 20. gr. laga 50/2000, en hann lét skoða ástand bifreiðarinnar hjá G fyrir kaupin án þess að þeir kæmu í ljós. Ekki er upplýst að það sem G taldi vera að bifreiðinni tengist þeim göllum á henni sem að framan er lýst og komu í ljós við skoðun E. Það er því álit kærunefndarinnar að álitsbeiðandi eigi rétt til þess að rifta kaupum á bifreiðinni samkvæmt ákvæðum 30. gr. laga nr. 50/2000 og fá kaupverðið endurgreitt.

Það er álit kærunefndarinnar að álitsbeiðandi eigi rétt á skaðabótum vegna þess kostnaðar sem hann varð að greiða vegna kaupanna, sbr. ákvæði 40. og 67. gr. laga nr.

50/2000. Samkvæmt lýsingu hans sjálfs kom í ljós við skoðun G á sínum tíma að sitthvað þurfti að laga í bifreiðinni. Um er að ræða skoðun sem álitsbeiðandi bað sjálfur um áður en kaupin fóru fram og á hann ekki rétt á því að seljandi greiði þann kostnað. Hins vegar þykir hann eiga rétt á að fá greiddan úr hendi seljanda kostnað við skoðun E samtals kr. 95.594, en við þá skoðun kom í ljós að bifreiðin var ekki af þeirri árgerð sem sagt var að hún væri og eins verulegir gallar á henni. Þá þykir álitsbeiðandi eiga rétt á því að fá þann kostnað greiddan úr hendi seljanda sem hann greiddi bílasölunni A og bifreiðagjaldið, samtals kr. 45.504. Framangreindur kostnaður nemur kr. 141.098.

Samkvæmt 67. gr. ná skaðabætur aðeins til þess fjárhagslega tjóns sem aðili að kaupum verður fyrir vegna vanefnda gagnaðila. Er því ekki gert ráð fyrir í lögunum að aðili að kaupum fái bætur fyrir ýmiss óþægindi sem stafað geta af vanefndum gagnaðila sýni hann ekki fram á að af þeim óþægindum hafi leitt fjárhagslegt tjón. Álitsbeiðandi þykir ekki hafa sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir frekara fjárhagslegu tjóni en að framan greinir og verða því skaðabætur til hans ákveðnar kr. 141.098.

VI

Álitsorð

Álitsbeiðanda, X, er heimilt að rifta kaupum á bifreiðinni B. Seljanda, Y, ber að endurgreiða álitsbeiðanda kaupverð bifreiðarinnar, kr. 990.000 og kr. 141.098 í skaðabætur.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir